

## **57. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn í sal Lundarskóla 17. desember 2015 kl. 20.00**

**Mættir:** Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, Ingólfur Helgason og Martha Elena Laxdal.

**Boðuð forföll:** Guðrún Fanney Júlíusdóttir, Eva Dögg Fjölnisdóttir og Davíð Þór Óskarsson.

### **Tilfni fundar:**

Skipun stjórnarmeðlima skv. 4. gr. *Laga hverfissamtaka Lunda- og Gerðahverfis*

Grillhúsamál og rekstrarstaða framkvæmdasjóðs hverfisnefndar.

### **Eftirfarandi hlutverkaskipting var samþykkt:**

Formaður: Martha Elena Laxdal

Varaformaður: Anna Krístrún Sigurpálsdóttir

Gjaldkeri: Ingólfur Helgason

Ritari: Guðrún Fanney Júlíusdóttir

Meðstjórnandi: Eva Dögg Fjölnisdóttir/Davíð Þór Óskarsson

Upptalin nöfn eru nöfn þeirra sem eru í stjórn hverfisnefndarinnar. Erfitt hefur verið að fá fleira fólk til liðs við nefndina og því eru engir varamenn kosnir.

### **Önnur mál**

Framkvæmda- og rekstrarmál hverfisnefndarinnar voru rædd út frá upplýsingum sem bárust frá Jóni Birgi þann 12. nóvember. Búið er að ganga frá kaupum á grillhúsi og gera ráð fyrir tengdum kostnaði í formi flutningskostnaðar, byggingarleyfis og burðarþolsteikninga á rekstrarreikningi þessa árs auk kostnaðar við göngustíg og ljósastaura. Nemur upphæðin þeirri fjárhæð sem nefndin fékk úthlutað á árinu svo kostnaður við grill og vinnuborð sem til stendur að kaupa þegar grillhúsið hefur verið sett upp næsta vor verður færður af rekstrarreikningi hverfisnefndar fyrir árið 2016.

Þar sem engin erindi frá íbúum hafa borist nefndinni frá síðasta fundi voru engin fleiri mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 21.00

Fundargerð ritaði,

Martha E. Laxdal